

**Aðgangur að rafrænni sjúkraskrá er opnaður fyrir nema/starfsmann þegar vinna/námsdvöl hefst á viðkomandi deild og lokað þegar námi/vinnu lýkur.**

**Áður en veittur er aðgangur að sjúkraskrá er viðkomandi skylt að staðfesta með undirskrift sinni að hann hafi kynnt sér reglur Landspítala um notkun rafrænnar sjúkraskrár og lög og reglur þar að lútandi. Þar kemur m.a. fram:**

*Undirrituð/aður staðfestir að hafa lesið reglur um notkun upplýsinga úr sjúkraskrá á Landspítala.*

*Ég samþykki að fara eftir reglunum. Ég heiti því að leita eingöngu eftir þeim upplýsingum um sjúklinga, sem ég þarf á að halda í starfi mínu í þágu sjúklings eða í öðrum lögmætum tilgangi. Mér er ljóst að öll önnur notkun gagnanna er óheimil.*

*Ég geri mér grein fyrir:*

- Að brot á reglum þessum muni leiða til viðbragða af hálfu Landspítala.
- Að brot á umgengni um sjúkraskrár sbr. framanritað geti varðað áminningu eða brottvikningu úr starfi.
- Að brot á ákvæðum laga um meðferð persónuupplýsinga, brot á almennum hegningarlögum eða öðrum lagafyrirmælum er vernda almannarétt eða réttindi sjúklings verði kærð til lögreglu.
- Að brot kunni að verða tilkynnt landlækni.

**Einnig ber að skrifa undir svohljóðandi þagnarskyldueið:**

*Ég undirrituð/undirritaður staðfesti hér með að mér er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem ég fæ vitneskju um í námi eða starfi á LSH, og leynt skulu fara samkvæmt lögum, samkvæmt fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls.*

*Þagnarskyldan helst þótt ég láti af starfi, ljúki námi eða hætti.*

*Öll vitneskja um sjúklinga, sjúkdóma þeirra og meðferð er að sjálfsögðu háð þagnarskyldu.*

## Aðgangur að sjúkraskrá Landspítala Upplýsingar fyrir nemendur og starfsmenn

*Vísinda-, mennta- og gæðasvið Landspítala*

### Reglur um aðgang

- Notanda tölvukerfa er óheimilt að gefa öðrum upp lykilorð að tölvukerfum eða gögnum.  
*Skráðu þig alltaf út úr tölvukerfinu sem þú ert að nota.*
- Allir sem lesa eða rita í rafræna sjúkraskrá skulu gera það undir eigin notendanafni og aðgangsorði.
- Nemendum og starfsmönnum er óheimilt að skoða upplýsingar um sjúklinga sem ekki eru í þeirra umsjá.
- Upplýsingar úr sjúkraskrá má einungis prenta út ef brýna nauðsyn ber til. Fara skal með slíkar upplýsingar af fyllstu varúð.
- **Óheimilt er með öllu að fara með persónugreinanleg gögn út af spítalanum**

### Eftirlit

- Grunneftirlit er með notendum tölvukerfa Landspítala.
- Notkun hvers starfsmanns eða nemanda er skoðuð reglulega.
- Viðbótarskoðanir eru gerðar á sérstökum hópum sjúklinga eða einstaklinga (t.d. þekktra einstaklinga).
- Skoðun er framkvæmd á tilviljunarháðu úrtaki sjúklinga.

## Sjúklingar eiga rétt á trúnaði

Sjúklingur getur að eigin ósk fengið útprentaðan lista með nöfnum allra þeirra sem skoðað hafa sjúkraskrá hans.

Brot á trúnaði getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir námsframvindu nemanda.

*Aldrei* má, undir neinum kringumstæðum, fara með persónugreinanleg gögn út af spítalanum.

Við verkefnavinnu skal ætíð breyta nöfnum sjúklinga, starfsheiti þeirra, búsetu og jafnvel aldri.

## Bíráfnir fartölvupjófvar á ferli

*Fréttir í Ríkisútvarpinu 23. maí 2008*

Tveimur fartölvum var stolið af Læknagarði í hádeginu á miðvikudag.

Önnur var í eigu læknanema sem er að ljúka námi við læknadeild Háskóla Íslands.

Í tölvunni geymdi hann mikilvæg gögn, svo og ritgerð og glósur.

Hann hafði stefnt á útskrift í vor en ránið setur nú strik í reikninginn.

Hin tölvan var í eigu læknis. Þjófurinn hafði einnig á brott með sér jakka, sólgleraugu, diktafón og fleira.

*Í annarri tölvunni voru viðkvæmar persónuupplýsingar.*

## Alvarleg tilvik hafa komið upp á Landspítala

Úr Fréttablaðinu, 29. apríl 2008

Rannsókn á máli starfsmanna sem stálust í sjúkraskrá þekktis manns lokið:

### Átta starfsmenn Landspítala ávítaðir

**LANDSPÍTALI** „Eftir að bóúð var að fara vel í gegnum málið var ákveðið að ávíta þá, sem vitað var að höfðu farið inn í sjúkraskrána, harðlega í bréfi,“ segir Björn Zoëga, forstjóri Landspítala, um málalyktir innanhúsrannsóknar sem gerð var á spítalanum. Rannsóknin var gerð eftir því að upplýsingar voru að tugur starfsmanna hafði skoðað sjúkraskrá þekktis manns sem þar hafði leitað lækninga.

Björn segir tvo starfsmannanna hafa getað sýnt fram á að þeir hafi haft gúldar ástæður fyrir að skoða gögn um manninn. Ljóst sé að átta starfsmenn hafi þó gert þetta af hnýsni einni saman. Þær aðgerðir sem komi til greina af hendi forsvaramanna spítalans í málum sem þessum séu ávitar, áminning, brottrekstur og kæra til lögreglunnar. Eftir gaumgæfilega athugun hafi þó verið ákveðið að grípa til ávita.

„Það er mjög flókið lagalega að

áminna starfsfólk og hefur tilhneiging dómstóla verið sú að minnstu vafaatriði eru túlkuð starfsmönnum í vil,“ segir Björn en hann segir að eftir þetta ferli sé spítalinn mun betur í stakk búinn að grípa til frekari aðgerða en ávíta enda mál sem þessi mjög alvarleg.

„Það sem við lærum af þessu er að eftirlitskerfi okkar virkar, auk þess sem nú höfum við betri grunn til að byggja mál á ef svona mál kemur upp aftur,“ segir Björn. -kæ

Óheimilt er að lána öðrum nemendum eða starfsmönnum aðgangsorð.

Þú berð ábyrgð á öllum aðgangi sem á sér stað á þínu aðgangsorði.

Brot á reglum geta varðað brottvikningu úr námi á Landspítala.